

Umsögn frá Borgarahreyfingunni til allsherjarnefndar varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 – 102. mál.

Borgarahreyfingin hefur áður sent inn umsögn (dags. 28. sept.) í tengslum við svipað frumvarp sem lagt var fram á sumarþinginu. Þar gerðum við helst athugasemdir við notkun orðsins “persónukjör” um listakosningu og að gengið væri allt of skammt í átt að raunverulegu persónukjöri þar sem kjósendur gætu valið sér fulltrúa óháð stjórn mála flokkum. Tæpast er ástæða til að endurtaka hér mikið af því sem fyrri umsögn okkar innihélt en þó hvetjum við háttvirta alþingismenn til að hafa í huga að fulltrúalýðræðið og umgjörð þess er til fyrir fólk í landinu en ekki fyrir stjórn mála stéttina. Þó ber að fagna öllum skrefum í átt til aukins lýðræðis, hversu lítil sem þau eru.

Þær breytingar sem við leggjum til á umræddu frumvarpi eru:

1. grein. Setningin “Þessi hluti listans nefnist persónukjörshluti.” Lögð er til eftirfarandi viðbót: “... og skal þar jöfn skipting vera á milli kynja eða því sem næst.”

Með þessu móti ættu áhyggjur að minnka meðal þeirra sem óttast að frumvarpið hafi í för með sér hættu á aukinni misskiptingu milli kynjanna. Þó svo að þetta tryggi ekki jafnan hlut kynjanna í hópi kjörinna fulltrúa fremur en núverandi kerfi myndi breytingin að öllum líkindum leiða til jafnari skiptingar heldur en ella.

12. grein. Auk þess er lagt er til að a-liður 100. gr. laganna sé einnig felldur niður.

Borgarahreyfingin álitur að ákveðin viljayfirlýsing sé í því fólgin að skila kjörseðli sínum auðum og vill með þessu hvetja til þess að auðir seðlar séu flokkaðir og taldir sér.

Einnig óskum við eftir að senda fulltrúa okkar fyrir allsherjarnefnd ef þess gefst kostur.

Með góðri kveðju,

Reykjavík 18. nóvember 2009.

F.h. Borgarahreyfingarinnar,
Pósthólf 246, 121 Rvk.

Sigurður Hr. Sigurðsson.
hrellir@gmail.com, sími 8648903.